

**Alþingi**

Efnahags- og viðskiptanefnd

Við Austurvöll

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 14. 11. 2002

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samanburð á matvaelaverði hérlandis og á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu, þingskjal 7. - 7. mál - 128. löggjafarþing 2002-2003.**

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að gerður verði reglulegur, ársfjórðunglegur samanburður á verði matvæla á Íslandi og á Norðurlöndum og í Evrópusambandinu. Tillaga þessi vekur nokkra furðu. Verð matvæla eftir vörutegundum er ekki birt opinberlega af hagstofum einstakra Evrópulanda og þar af leiðandi ekki af hagstofu ESB (Eurostat). Þær upplýsingar sem birtar eru um matvælaverð af Eurostat eru á formi jafnvirðisgilda (PPP) og hlutfallslegs verðlags milli landa og birtast þær árlega. Upplýsingar Eurostat um matvælaverð eru byggðar á könnunum sem gerðar eru þriðja hvert ár og eru árin þar á milli framreknuð á grundvelli verð- og gengisþróunar. Niðurstöðurnar eru eingöngu birtar sem meðaltöl fyrir vöruflokka, ekki einstakar vörur.

Ef Hagstofa Íslands ætti að geta framkvæmt efni tillögunnar þá þyrfti hún sjálf að afla gagna ársfjórðungslega um vöruberð erlendis sem ekki getur verið tilgangur flutningsmanna. Þá eru ýmis aðferðafræðileg vandamál fólgin í umræddum samanburði sem gera hann vandasaman. Pessi vandamál eru m.a. mismunandi neyslusamsetning og vöruframboð eftir löndum. Vöruliðir sem njóta hylli neytenda í einu landi fyrirfinnast e.t.v. ekki í öðrum, o.s.frv. Ljóst er því að ekki er unnt að framkvæma slíkan samanburð nema með ærnum tilkostnaði og fyrir höfn.

Samtök atvinnulífsins telja því að ekki séu forsendur til að ráðast í það umfangsmikla verkefni sem umrædd tillaga felur í sér og leggjast því gegn samþykkt hennar. Jafnframt vilja Samtökin minna á umsögn þeirra um aðra tengda tillögu til þingsályktunar, nr. 3 á löggjafarþingi 2002-2003, en þar er sjónarmiðum Samtaka atvinnulífsins nánar lýst.

Virðingarfyllst,

---

Ari Edwald, framkvæmdastjóri